

Við gosið

Ljósmyndir Sigurgeirs Jónassonar

Hafnartorg Gallery

18. til 20. ágúst 2023

Áræðinn og frakkur stóð Sigurgeir Jónasson (f. 1934) andspænis eldgosinu í Heimaey og myndaði það sem fyrir augum bar. Hann segir sjálfur ekki hafa hugsað rökrétt, náttúran var í aðalhlutverki og hann vissi að hlutverk hans var að mynda atburðinn og framvinduna. Sigurgeir fæddist í Vestmannaeyjum, sleit barnsskónum þar og hafði reist sér hús í austurbænum, nálægt höfninni, þar bjó hann þegar gosið hófst. Engan óraði fyrir þeirri atburðarrás sem hófst eftir miðnætti og enginn vildi hugsa þá hugsun til enda ef byggð myndi leggjast af. Sýningin *Við gosið* sýnir valdar myndir Sigurgeirs af gosinu í Heimaey árið 1973.

“Það er vandasamt verk að velja myndir af gosinu úr safni Sigurgeirs en það hleypur á þúsundum ljósmynda. Hann hefur skrásett hluta af heildarsafninu en í heildina telur það milljónir mynda. Sigurgeir valdi að vera eftir í Eyjum, vera við gosið og sendi fjölskylduna upp á land þegar gosið hófst enda átti það hug hans allan. Það er aðdáunarvert að sjá hvernig Sigurgeir aðskildi sig frá verkefninu en nýtti styrkleika sína við tókur. Hann þekkti hvern hól, hvert hús, veðrið og náttúru Eyjanna og tókst á við verkefnið af fagmennsku, segir Vala Pálsdóttir sýningarstjóri.

Sigurgeir myndaði gosið þar til því lauk í júlí sama ár, á meðan dvaldi fjölskylda hans í Reykjavík. Hraunið tók heimilið hans en sjálfur vann Sigurgeir á flugvellingum milli þess sem hann tók myndir. Fjölskyldan flutti aftur til Eyja og þau reistu sér nýtt hús ofar í bænum. Sigurgeir býr enn í Vestmannaeyjum g myndavélin er aldrei langt undan.

Sýningin *Við gosið* í Hafnartorgi Gallery sýnir valdar myndir Sigurgeirs af gosinu, þ.á.m. eina af frægustu myndum Sigurgeirs, Landakirkju með eldhafið að baki sér. *Við gosið* er hluti af dagskrá Menningarnætur Reykjavíkur en Vestmannaeyjabær er heiðursgestur Reykjavíkurborgar af tilefni af 50 ára gosafmæli.

Um Sigurgeir

Sigurgeir Jónasson (f. 1934) hefur mundað myndavélina í tugi ára. Hann hóf ungur að árum að taka ljósmyndir og þá fyrst og fremst af viðburðum er áttu sér stað í Vestmannaeyjum. Elstu varðveittu myndir Sigurgeirs eru frá því hann var aðeins 13 ára gamall en myndir hans birtust fyrst í landsmálablöðunum í ágúst 1958, í Tímanum, fyrir réttum 65 árum. Allt frá þeim tíma hefur Sigurgeir fengist við fréttaljósmyndun fyrir dagblöð og tímarit og eru margar mynda hans ómetanlegar heimildir um viðburði í sögu Vestmannaeyja svo og sögu Íslands. Meðal margra frægra mynda er mynd Sigurgeirs af eldsupptökum Surtsey þar sem eldingum sló niður. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Sigurgeirs:

<https://www.sigurgeir.is>.

Frekari upplýsingar veitir Vala Pálsdóttir, valapals@gmail.com, gsm 858 0998.